

Hafnarfjarðarbær  
Guðrún Guðmundsdóttir  
Strandgata 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 24. maí 2016  
Tilvísun: 201605009 / 3.5

---

## Efni: Breyting á deiliskipulagi álversins í Straumsvík, flæðigryfjur, Hafnarfjarðarbær

---

Hafnarfjarðarbær hefur, með erindi dags. 27. apríl 2016, sent Skipulagsstofnun breytingu á deiliskipulagi álversins í Straumsvík til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt til auglýsingar í skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar 27. apríl 2016. Athugasemdafrestri lauk 11. apríl 2016. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum.

Deiliskipulagsbreytingin felst í að skilgreina framtíðarsvæði fyrir flæðigryfjur úti fyrir Þórðarvík og jafnframt að setja eldri flæðigryfjur inn á deiliskipulagsupprátt. Ákvörðuð eru skipulagsmörk deiliskipulagsins til hafs utan við iðnaðar- og hafnarsvæðið í Straumsvík.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á kortblaði með greinargerð og upprætti í mkv. 1:2.500, dags. 21. janúar 2016.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda vegna eftirfarandi form og efnisgalla:

- Gera þarf grein fyrir skilgreindu framtíðarsvæði fyrir flæðigryfjur. Án skilmála um umfang og fyrirkomulag flæðigryfja, getur deiliskipulagið ekki verið grundvöllur leyfisveitinga fyrir förgun úrgangs í flæðigryfjum. Gera þarf grein fyrir og setja skilmála um umfang förgunar s.s áætlað magn úrgangs, vinnslutíma, áfangaskiptingu, umhverfisáhrif og vöktun áhrifa.
- Förgun úrgangs í flæðigryfjum kann að falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sbr. lið 10.22 og 13.02 í 1. viðauka laganna og deiliskipulagsbreytingin undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.
- Kynningatími deiliskipulagsbreytingarinnar var skemmri en lögbundnar sex vikur skv. skipulagslögum. Á upprætti stendur að deiliskipulagsbreytingin hafi verið samþykkt í skipulags- og byggingarráði 27. apríl 2016, en þá var hún samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa, sbr. erindi og fundargerðir. Fundargerð skipulagsfulltrúa frá 27. apríl var kynnt í skipulags- og byggingarráði 3. maí 2016.
- Leita þarf umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulagsbreytinguna.
- Jafnframt er bent á að lagfæra þarf lagatíðanir í greinargerð þar sem vísað er til eldri laga sem úr gildi eru fallin. Fornleifavernd ríkisins heitir nú Minjastofnun Íslands.

Skipulagsstofnun minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Hlynur Torfi Torfason

